

Fundargerð

**80. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,
miðvikudaginn 27. apríl 2022, kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson, Elísabet Sigurðardóttir, Sigurður Böðvarsson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Helgi Héðinsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Skútustaðahreppur - Ársreikningur 2021 - 2204019

Ársreikningur Skútustaðahrepps vegna ársins 2021 lagður fram til fyrri umræðu auk endurskoðunarskýrslu ársins. Þorsteinn G. Þorsteinsson endurskoðandi frá KPMG kom til fundarins.

Sveitarstjórn þakkar Þorsteini yfirferðina.

Ársreikningur Skútustaðahrepps 2021 tekinn fyrir til fyrri umræðu. Heildartekjur voru 642,3 millj. kr. Rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð upp á 68,3 milljónir. Sveitarfélagið lagði á árinu 2021 ríka áherslu á að verja mannauð, fjárfesta í innviðum samfélagsins og tryggja viðspyrnu atvinnulífsins í kjölfar COVID-19.

Viðspyrnuaðgerðir Skútustaðahrepps fólu m.a. í sér aukinn stuðning við Mývatnsstofu, fjárfestingu í göngu- og hjólastíg frá Reykjahlíð í Voga og undirbúning göngu- og hjólastígs frá Geiteyjarströnd í Skútustaði, aukna starfsemi Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps, kaup á hlut Sparisjóðs Suður-Þingeyinga í Skjólbrekku og endurbætur á húsnæði Skjólbrekku í kjölfarið, endurbætur á heimilisfræðistofu Reykjahlíðarskóla og samstarf mótuneytis sveitarfélagsins við Matarskemmunu um aukið framboð staðbundinna matvæla. Þá hefur verið í gangi vinna við endurbætur í Höfða og aflað styrkja frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að standa undir hluta kostnaðar við þær (styrkur Framkvæmdasjóðsins færirst til tekna á árinu 2022). Samstarf við Vatnajökulspjóðgarð og Umhverfisstofnun hefur verið aukið og lögð áhersla á samvinnu um uppbyggingu nýsköpunarklasa í Gíg, auk stuðnings við frumkvöðla tengt Nýsköpun í norðri. Með verkefni tengt fýsileikagreiningu orkukosta hefur verið lagður grunnur að jöfnun húshitunarkostnaðar í sveitarfélaginu. Þá hafa fjárfestingar ársins 2021 miðað að því að styðja enn frekar við umhverfisvernd og uppbyggingu hringrásarhagkerfis, m.a. tengt Bokashi tilraunaverkefni, ráðningu starfsmanns til upprættingar á ágengum plöntutegundum og Auðgangi - verkefni til styrkingar hringrásarhagkerfinu (styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og færirst sá styrkur til tekna árið 2022).

Árangur viðspyrnuaðgerðanna er ótvíræður, en fækkun íbúa sveitarfélagsins er mun minni en ráð hafði verið fyrir gert og endurspeglast það m.a. í hærri tekjum sveitarfélagsins á fyrstu mánuðum ársins 2022. Tekjur vegna staðgreiðslu fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 eru um 12 milljónum (12%) hærri en fyrstu þrjá mánuði ársins 2021, sem gefur fyrirheit um að tekjur ársins 2022 verði nokkru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, en fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir tæplega 50 milljóna rekstrarafgangi.

Rekstrarniðurstaða ársins 2021 er að mestu í samræmi við rekstraráætlun en þó eru ákveðnir liðir sem víkja nokkuð frá áætlun og má þar m.a. nefna:
-Hækkun lífeyrisskuldbindinga (munur er 19,2 milljónir sem kemur m.a. til vegna hærri lífaldurs í tryggingafræðilegri úttekt)
-Hærri kostnaður við kaup á sérfræðiþjónustu endurskoðenda en áætlun gerði ráð fyrir
-Hærri kostnaður við kaup á hugbúnaðarþjónustu en ráð var fyrir gert, sem orsakast af kaupum á PowerBI uppsetningu fyrir bókhald Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
-Breytingar á Mikley og skrifstofu sveitarfélagsins að Hlíðavegi sem gert var ráð fyrir að yrðu eignfærðar en færast þess í stað á rekstrarreikning
-Lægri styrkir vegna ýmissa verkefna voru bókfærðir á árinu en áætlun gerði ráð fyrir, þar sem framkvæmd verkefna náði yfir áramót. Tekjur vegna verkefnanna verða bókaðar á árinu 2022 í stað 2021

Ársreikningnum er vísað til síðari umræðu.

Samþykkt

2. Hótel Gígur - Gestastofa og Nýsköpunarklasi - 2008030

Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs komu inná fundinn á TEAMS og fóru yfir verkefni þjóðgarðsins með áherslu á uppbygginguna í Gíg.

Sveitarstjórn þakkar Önnu og Magnúsi fyrir upplýsingarnar og spjallið og lýsir ánægju sinni með þróun mála í Gíg.

Samþykkt

3. Umhverfisstofnun - Samstarf og samráð - 2104021

Fyrir fundinum liggja drög að samstarfs- og samráðsáætlun sem yfirfarin var á fundi sveitarstjórnar í mars. Áætlunin er enn í vinnslu en byggir á eftirfarandi markmiðum:

Markmið áætlunarinnar, eins og þau koma fyrir í drögunum, er að auka yfirsýn yfir verkefni sem eru sameiginleg viðfangsefni stofnunarinnar og sveitarfélagsins og varða náttúruverndarsvæði í umsjá Umhverfisstofnunar í sveitarfélaginu, efla samstarf, auka upplýsingaflæði, leita skilvirkra lausna sem styðja vernd, verðmætasköpun og viðnámsþrótt svæðisins m.a. með því að greina sameiginlega tækifæri til að efla samfélag og náttúru.

Sveitarstjóra er falið að vinna málið áfram í samstarfi við UST

Samþykkt

4. Verslun Samkaupa í Reykjahlíð - undirskriftalisti íbúa - 2009002

Á haustdögum 2020 var sveitarstjórn afhentur undirskriftalisti íbúa vegna breytinga á verslun Samkaupa í Reykjahlíð. Í kjölfarið var eftirfarandi m.a. bókað á 44. fundi sveitarstjórnar þann 9. september 2020.

„Í kjölfar breytinga við verslun Samkaupa í Mývatnssveit þar sem formi verslunarinnar var breytt úr Kjörbúð í Krambúð gaus upp gríðarleg óánægja íbúa sveitarfélagsins. Undirskriftasöfnun hófst í kjölfarið þar sem þess „er krafist að stjórnendur Samkaupa endurskoði ákvörðun sína um breytt fyrirkomulag á verslunarrekstri í Mývatnssveit tafarlaust og breyti versluninni aftur í Kjörbúð“. Þá koma fram í erindi íbúa hreppsins fjölmörg dæmi um verulegar verðhækkningar langt umfram þá fyrirhuguðu 7,7% hækkun á verði sem boðuð hafði verið. Þá eru forsendur ákvörðunarinnar gagnrýndar harðlega, sér í lagi við þær aðstæður sem samfélagið í Skútustaðahreppi glímur nú við í kjölfar COVID-19 faraldursins. Þá samrýmist þessi aðgerð ekki gildum eða stefnu Samkaupa. Enn fremur er tekið undir ályktun Framsýnar stéttarfélags varðandi málið.

Forsvarsmönnum Samkaupa hefur verið afhentur undirskriftalistinn, en undir áskorunina rita 226 íbúar. Lætur nærri að það sé um helmingur íbúa sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar íbúum kærlega fyrir frumkvæðið. Með undirskriftalistanum koma almenn sjónarmið íbúa sveitarfélagsins skýrt fram.

Sveitarstjórn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í undirskriftalistanum og skorar á stjórnendur Samkaupa að endurskoða ákvörðun sína nú þegar. Áður hefur sveitarstjórn fundað með forsvarsmönnum Samkaupa þann 13.05.20 þar sem áform þeirra voru harðlega gagnrýnd. Þá fjallaði sveitarstjórn um málið á fundi sínum þann 24.06.20 þar sem meðal annars kom fram að ákvörðun stjórnenda Samkaupa væri köld tuska framan í samfélagið í Skútustaðahreppi og á þá skorað að endurskoða ákvörðunina þegar í stað.

Verslun Samkaupa er samfélaginu í Skútustaðahreppi mikilvæg, bæði sem hornsteinn þjónusta og vinnustaður, en verðlag verslunarinnar er mjög hátt og hefur hækkað langt umfram það sem kynnt var á fundi með forsvarsfólki Samkaupa 2020. Því vill sveitarstjórn að nýju skora á forsvarsfólk Samkaupa að endurskoða þá breytingu sem gerð var 2020 þegar verslunin varð Krambúð í stað Kjörbúðar. Dæmi eru um m.a. í starfsemi Lyfju og Vínbúðarinnar að sama verð sé í boði um land allt. Viðbrögð Samkaupa á sínum tíma byggðu meðal annars á neikvæðum rekstrarforsendum vegna Covid faraldursins, en nú horfir til betri tíðar og samfélagið í Skútustaðahreppi hefur væntingar um að forsvarsfólk Samkaupa líti til þess á komandi vikum.

Samþykkt

5. Sveitarstjórnakosningar 2022 Kjörstjórnir - 2203009

Tekið fyrir að nýju skipan í yfir og undirkjörstjórnir í Skútustaðahreppi vegna kosninga 14. maí.

Sveitarstjórn kýs fyrir sitt leyti til setu í yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga 2022: Tryggvi Þórhallsson, Dagný Pétursdóttir og Jón Þórólfsson

Varamenn eru: Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir og Pétur Bergmann Árnason.

Sveitarstjórn kýs til setu í undirgjörstjórn í Skútustaðahreppi vegna sveitarstjórnarkosninga 2022, sbr. einnig 2. mgr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga: Birgir Steingrímsson, Bernadetta Kozaczek og Helgi Arnar Alfreðsson.

Varamenn eru: Atli Steinn Sveinbjörnsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Hannes Lárus Hjálmarsson.

Samþykkt

6. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí - 2204007

Jóhanna Jóhannesdóttir mun annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofum sveitarfélaganna. Hægt verður að kjósa utan kjörfundar á skrifstofum sveitarfélaganna eftirfarandi daga milli kl 13 og 15.

Skrifstofa Skútustaðahrepps: 2., 5., 11., og 13. maí
Skrifstofa Þingeyjarsveitar: 4., 6., 9., og 12. maí

Lagt fram

7. Mýsköpun ehf. - aðalfundur 2022 - 2204016

Aðalfundur Mýsköpunar ehf. var haldinn þriðjudaginn 26. apríl 2022 kl 17:00

Staður: Fundurinn var haldinn í Skjólbrekku í Mývatnssveit.
Efni: Venjuleg aðalfundarstörf s.b.r. samþykktir félagsins.

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Hagur og rekstur félagsins 2021
4. Efnahags-og rekstrarreikningar 2021
5. Kosning stjórnar, endurskoðanda/skoðunarmanna
6. Ráðstöfun hagnaðar
7. Greiðslur til stjórnar og skoðunarmanna.
8. Önnur mál

Elísabet Sigurðardóttir, Halldór Þ. Sigurðsson og Sveinn Margeirsson sóttu fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Lagt fram

8. Mývatnsstofa - aðalfundur 2022 - 2204015

Aðalfundur Mývatnsstofu verður haldinn miðvikudaginn 4. maí í Jarðböðunum.

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fara með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

9. Endurnýjun yfirdráttarheimildar - 1711012

Fyrir liggur að endurnýja þarf heimild skrifstofunnar til að sækja yfirdráttarheimild til að mæta sveiflum í greiðsluflæði í daglegri fjármálastjórnun sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að veita skrifstofustjóra heimild til að sækja yfirdráttarheimild hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga, allt að 30 milljónir króna, til daglegrar fjármálastjórnunar ef þörf krefur. Heimildin gildir til 29. maí 2022.

Samþykkt

10. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024

Lagt fram

11. Málefni hitaveitu - 2204001

Sveitarstjóri fór yfir framgang mála tengt hitaveitunni.

12. Efnistaka í Garði - Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 - 2202014

Tekin fyrir að nýju skipulags- og matslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 sem felur í sér afmörkun á efnistökusvæði við skilgreint athafnasvæði að Garði. Skipulags- og matslýsingin var kynnt með athugasemdafresti frá og með 28. febrúar til og með 21. mars 2022.

Athugasemdir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Landgræðslunni, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruverndarnefnd Þingeyinga og Skipulagsstofnun.

Skipulagsnefnd lagði til við sveitarstjórn á fundi sínum 19. apríl s.l. að skipulagsfulltrúa verði falið að koma athugasemdum til skipulagsráðgjafa og að vinna verði hafin við mótun vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 og að tekið verði eftir fremsta megni tillit til þeirra umsagna sem bárust við lýsinguna, en jafnframt verði litið til mikilvægis námunnar í tengslum við umhverfis- og loftslagsmál í samhengi framkvæmda í sveitarfélaginu.

Samþykkt

13. Deiliskipulag Bjarkar - 2009026

Tekin fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Bjarkar frá Teiknistofu Arkitekta.

Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti frá 3. desember 2021 til og með föstudeginum 14. janúar 2022 og var afgreidd til sveitarstjórnar á fundi nefndarinnar þann 15. febrúar 2022. Á fundi sveitarstjórnar þann 7. apríl 2022 var samþykkt að að fela skipulagsfulltrúa að sjá um breytingar á uppdrætti og greinargerð í samræmi við umsagnir og umræður á fundinum. Nú liggur fyrir uppfærð tillaga að staðsetningu byggingarreits B1.

Meirihluti skipulagsnefndar lagði til á fundi sínum þann 19. apríl s.l. að sveitarstjórn samþykkti staðsetningu byggingarreits B1 samkvæmt uppfærðum uppdrætti í deiliskipulagi Bjarkar dags. 12. apríl 2022. Skipulagsnefnd leggur til

við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að sjá um gildistöku tillögunnar í samræmi við 1. mgr. 42. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og samþykkir uppfærðan uppdrátt. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að sjá um uppfærslu tillögunnar í samræmi við umræður á fundinum og gildistöku áætlunarinnar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

14. Fyrirspurn um framkvæmdaleyfisskyldu veglagningar - 2204009

Tekið fyrir erindi dags. 12. apríl 2022 frá Alfreð Hjaltasyni f.h. Skútustaðahrepps vegna veglagningar frá Þeistareykjavegi að Svartvatnstanki. Vegurinn er um 500 m langur og er ætlaður til flutnings svartvatns og þarf að vera akfær allan ársins hring. Meðfylgjandi erindinu er áætluð veglína og hönnun. Samþykki hefur fengist frá landeigendum og Landsvirkjun sem er eigandi Þeistareykjavegar.

Skipulagsnefnd telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á umhverfið og ásýnd þess. Nefndin hefur litið til laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og telur framkvæmdina óháða þeim atriðum sem taldir eru upp í 1. viðauka laganna. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að veita heimild til framkvæmda án útgáfu framkvæmdaleyfis.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og telur framkvæmdina ekki háða útgáfu framkvæmdaleyfis.

15. Beiðni um breytingu á aðalskipulagi vegna Voga 1 - 2204008

Tekin fyrir beiðni dags. 12. apríl 2022 frá Ólöfu Þ Hallgrímsdóttur um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 sem felur í sér að landnotkun frístundabyggðar 332-F innan Voga 1 sé breytt í íbúðarbyggð. Sömuleiðis er óskað eftir heimild til að breyta deiliskipulagi Voga 1.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að vinna verði hafin við breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 um að breyta skilgreindri landnotkun frístundabyggðar í íbúðarbyggð. Sömuleiðis leggur skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að landeigenda verði heimilað að vinna að breytingu á deiliskipulagi Voga 1 í samræmi við 2. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar og felur skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023.

Sveitarstjórn samþykkir að landeiganda verði heimilað að vinna að breytingu á deiliskipulagi Voga 1 í samræmi við 2. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt

16. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022

Fundargerð 45. fundar skipulagsnefndar frá 19. apríl 2022 lögð fram til kynningar. Fundargerðin er í sjö liðum. Liðir 1, 2 3 og 4 hafa áður verið tekinn fyrir undir liðum 12 - 15.

Lagt fram

17. Undirbúningsstjórn nýs sveitarfélags - 2106031

Lögð fram fundargerð 9. fundar undirbúningsstjórnar um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar dags. 20. apríl 2022. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram

18. Árbók Þingeyinga - 2101019

Fyrir fundinum liggur að tilnefna ritara Árbókarinnar fyrir hönd Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn felur Sverri Haraldssyni að taka að sér gagnaöflun og ritun Árbókar f.h. Skútustaðahrepps. Kostnaður vegna verksins 250.000 kr. rúmast innan fjárhagsáætlunar 2022.

Samþykkt

19. Erindi dómsmálaráðherra varðandi sameiningu sýslumannsembætta - 2204020

Sveitarfélaginu barst á dögnum erindi frá Jóni Gunnarssyni, dómsmálaráðherra, þar sem hann kynnir og falast etir stuðningi sveitarfélaga við áform sín um fækkun sýslumannsembætta landsins úr níu í eitt.

Embætti sýslumanna eru mikilvægar þjónustustofnanir í nærsamfélagi fólks, enda hefur Alþingi falið sýslumönnum framkvæmdavald ríkisins í héraði og fjöldi fólks nýtir sér reglulega þjónustu embættanna og ekkert sem bendir til annars en að veruleg þörf sé fyrir sjálfstæðar stjórnarsýslustofnanir í héraði.

Árið 2015 var stigið stórt skref þegar embættunum var fækkað úr 24 í 9 með það að markmiði að efla þjónustu og hlutverk sýslumannsembættanna auk þess að færa til þeirra verkefni. Skýrsla ríkisendurskoðunar frá 2019 varpar ljósi á að slíkt hefur ekki gengið eftir. Nær væri á þessum tímamarki að fylgja eftir áformunum frá 2015 fremur en að ganga endanlega milli bols og höfuðs sýslumannsembættanna á landsbyggðinni. Hvergi virðist tryggð að starfsemi embættanna á landsbyggðinni standi til framtíðar sem sjálfstæðar stofnanir ríkisins í héraði og með tillögum ráðherra er í raun lagt til að Alþingi framselji dómsmálaráðherra sjálfðæmi um tilvist og þjónustu stjórnarsýslu ríkisins í héraði til framtíðar. Slíkt er með öllu óásættanlegt.

Þá er tillagan sérstaklega skringileg sé litið til gildandi byggðáætlunar og Hvítbókar um byggðamál frá 2021 og virðist í engu í samræmi við stefnumótun ríkisvaldsins í byggðamálum.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mótmælir harðlega áformum dómsmálaráðherra og hvetur til þess að þau verði tafarlaust dregin til baka.

20. Fjölmeningarfulltrúi - 2102012

Lagt fram bréf frá Kristjáni Þór Magnússyni sveitarstjóra Norðurþings dags. 1.4.2022 þar sem hann tilkynnir breyttar forsendur á samningi milli sveitarfélaganna um fjölmeningarfulltrúa.

Þar sem forsendur samningsins eru mikið breyttar samþykkir sveitarstjórn samhljóða að slíta samningnum.

Sveitarstjórn leggur til við sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags að ráðinn verði menningarfulltrúi sem fari með menningarmál í sameinuðu sveitarfélagi þar með talið málefni fjölmennningar, móttöku nýrra íbúa og móttöku flóttafólks.

Samþykkt

21. Kálfaströnd - 2202005

Sveitarstjóri fór yfir framgang mála á Kálfaströnd sem eru í vinnslu.

Lagt fram

22. Erindi frá íbúum Baldursheims og Þórólfsheims - 2204021

Tekið fyrir erindi frá íbúum Baldursheims og Þórólfsheims. Erindið varðar verkefnið „fýsileikagreining orkukosta“ sem hrundið var af stað árið 2020 og hafði að markmiði að bera saman valkosti við orkuskipti bæja utan dreifikerfis hitaveitunnar í sveitarfélaginu. Í erindinu koma fram ýmsar vangaveltur og ábendingar varðandi skýrsluna sem þegar hefur verið birt á heimasíðu sveitarfélagsins og beiðni um að:

1 Stofnaður verði samstarfshópur hreppsins og íbúa Baldursheims og Þórólfsheims til að leita lausna varðandi lagningu hitaveitu á þessa bæi.

2 Að 900 þúsund króna fjárframlag (pr hús) frá sveitarfélaginu, sem skv fjárlögum er ætlað að renna til verkefnisins verði lagt inn á biðreikning þar til vinnu við lið 1 er lokið.

Sveitarstjórn þakkar erindið og tekur jákvætt í beiðnina. Jafnframt óskar sveitarfélagið eftir því að íbúar Baldursheims og Þórólfsheims tilnefni einn fulltrúa í samstarfshóp um verkefnið. Sveitarstjórn tilnefnir Alfreð Steinmar Hjaltason, verkefnastjóra framkvæmda og Sigurð Guðna Böðvarsson í samstarfshópinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt

23. Skotfélag Húsavíkur - styrkbeiðni - 2204017

Tekin fyrir beiðni Skotfélags Húsavíkur um styrk til áframhaldandi uppbyggingar á svæði félagsins. Styrkbeiðnin hljóðar uppá samning að upphæð 300.000 krónur árlega í þrjú ár.

Sveitarstjórn þakkar erindið og það metnaðarfulla starf sem unnið hefur verið á vettvangi félagsins. Í ljósi fyrirhugaðrar sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sem tekur gildi þann 29. maí n.k. er því beint til Skotfélagsins að senda beiðni að kosningum loknum á sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags.

Samþykkt

24. Vatnajökulspjöldgarður: Fundargerðir svæðisráðs norðursvæðis - 1706019

Lögð fram fundargerð 88. fundar svæðisráðs norðursvæðis dags. 8. mars 2022. Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram

25. Markaðsstofa Norðurlands: Fundargerðir - 1712011

Lögð fram fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 4. apríl 2022.
Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram

26. Flugklasinn Áfangaskýrsla - 1710023

Lögð fram stöðuskýrsla flugklasans dags. 8. apríl

Lagt fram

Tekið fyrir með afbrigðum með samþykki fundarmanna

27. Göngu- og hjólastígur - 2008026

Tilboð voru opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins þann 26.04 vegna lagningar göngu- og hjólastígs frá Dimmuborgaafleggjara í Skútustaði. Eitt tilboð barst að upphæð 133.494.000 kr., frá Jóni Inga Hinrikssyni ehf. Áætlun Eflu verkfræði stofu hljóðaði uppá 174.385.000 kr. Tilboðið hljóðar upp á 76,6% af kostnaðaráætlun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjóri fái heimild til samningaviðræðna við Jón Inga Hinriksson ehf á grundvelli tilboðsins.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 13:15.